

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022. (Þingskjal 533 – 402. mál).

5. maí 2017

Íslenska ríkið skrifaði undir samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2007 og fullgilti hann 9 árum síðar, þ.e. haustið 2016 og skuldbatt sig þar með til að fara að ákvæðum samningsins og framfylgja þeim í lögum reglum og stjórnisýsluframkvæmd.¹ Í 4. gr. samningsins sem ber yfirskriftina *Almennar skuldbindingar*, segir m.a.:

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og grundvallarfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar.

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

a) að samþykkja öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnisýslu og aðrar ráðstafanir til þess að innleiða þau réttindi, sem eru viðurkennd með samningi þessum,

b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á sviði lagasetningar, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,

c) að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanir,

d) að láta hjá líða að aðhafast nokkuð það sem fer í bága við samning þennan og sjá til þess að opinber yfirvöld og stofnanir vinni í samræmi við ákvæði hans,

e) að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að útrýma mismunun vegna fötlunar af hálfu einstaklings, stofnunar eða einkaaðila. ...

Samningurinn tekur til allra þátta samfélags og daglegs lífs þar sem vitað er og viðurkennt að fatlað fólk hefur mátt þola og þarf enn að þola margvíslega og mikla mismunun og skert tækifæri hvarvetna í heiminum og ekki síður hér á landi en annars staðar. Samningurinn leggur því þær skyldur á ríki sem hafa fullgilt hann að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja tækifæri fatlaðs fólks á ýmsum sviðum, s.s hvað varðar menntun, heilbrigðisþjónustu, húsnæði, heimili og fjölskyldulíf, friðhelgi einkalífs, atvinnu, lífskjör og félagslega vernd, aðgengi að samfélaginu og mikilvægum upplýsingum, réttarkerfi, vernd gegn ofbeldi af ýmsu tagi, þátttöku í opinberu lífi, menningarlífi, tómsunda-, frístunda- og íþróttastarfi, tölfræði og gagnasöfnun, virkt eftirlit með að fatlað fólk, stofnun sjálfstæðrar mannréttindastofnunar o.fl.

¹ file:///C:/Users/Lenovo/Desktop/Samningur%20Sp.pdf

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. janúar sl. segir:

Ríkisstjórnin mun styðja dyggilega við innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telja Landssamtökin Þroskahjálp augljóst að ef ríkið ætlar að standa við skuldbindingar þær sem það tók á sig með fullgildingu samningsins sl. haust og ef ríkisstjórnin ætlar að standa við framangreinda stefnuyfirlýsingu sína um að „styðja dyggilega við innleiðingu samningsins“ verði stjórnvöld að leggja fram heildstæða tímasetta áætlun um ráðstafanir sem það ætlar að gera á ýmsum sviðum á komandi árum í því skyni.

Þroskahjálp telur einnig augljóst að þessi heildstæða tímasetta aðgerðaáætlun verði að liggja fyrir við gerð fjármálaáætlunar fyrir árin 2018-2022 til að mögulegt sé að taka nauðsynlegt tillit til hennar þegar áætlað er hversu mikið fé stjórnvöld þurfa að hafa til ráðstöfunar á næstu árum til að gera það sem gera þarf á ýmsum sviðum til að standa við skuldbindingar ríkisins samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar að lútandi.

Þá vill Þroskahjálp minna hlutaðeigandi stjórnvöld á samráðsskyldu þeirra samkvæmt 4. gr. samningsins, sem ber yfirskriftina *Almennar skuldbindingar*. Þar segir:

Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu við að innleiða samning þennan og vinna að því að taka ákvarðanir um stöðu fatlaðs fólks skulu þau hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar með talið fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Landssamtökin þroskahjálp skora því á stjórnvöld að tryggja að við gerð fjármálaáætlunar fyrir árin 2018-2022 verði tekið fullt tillit til þeirra aðgerða og ráðstafana sem stjórnvöld verða að hrinda í framkvæmd á næstu árum til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og stefnuyfirlýsingu sína þar að lútandi. Samtökin lýsa jafnframt yfir áhuga og vilja til að taka þátt í samráði við stjórnvöld um það.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri